



Fljótandi Nijima innsetning í Listaháskólanum í Honolulu. Nijima minnir Chihuly á netakúlur og er að finna nokkrar svona kúlur í dekkri litum á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

MYND: R. JOHNSON.

# Chihuly: Meistarar glerblástursins



Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði í gær á Kjarvalsstöðum, sérstaka sýningu á verkum bandaríska glerlistamansins Dale Chihuly. Sýningin er til heiðurs minningu frá Guðrúnu Katrínar Þorbergsdóttur.

Frú Guðrún Katrín var mikill unnanði íslenskrar glerlistar og beitti sér fyrir því að forsetaembættið gæfi erlendum þjóðhöfðingjum slík verk. Hún sá í fyrsta sinn glerverk eftir Dale Chihuly hjá vinum sínum á Indlandi og

Verk frá sýningunni „Chihuly yfir Feneyjum“ frá 1998. Myndin er frá Kólumbus listasafninu.  
MYND: R.K. LOESCH.

hreifst að þeim. Listamaðurinn er bandarískur og búsettur í Seattle en þar áttu forsetahjónin og hann sameiginlega vini sem gátu frætt þau um list Chihuly. Guðrún Katrín hlakkaði því mikið til, á meðan hún lá á sjúkrahúsi í borginni, að fá að heimsækja vinnustofu hans um leið og hún næði bata. Af þeirri heimsókn varð aldrei og því er sýningin á Kjarvalsstöðum sérstaklega tileinkuð henni.

Það þarf engan að undra, sem heimsækir sýninguna á Kjarvalsstöðum, að Guðrún Katrín skuli hafa hrifist af verkunum, því Chihuly er algjör snillingur í meðhöndlun glers. Verk hans eiga uppruna sinn í handverki og skreytilist fyrri alda og minna mörg hver meira á listmuni en eiginleg listaverk. Þau hafa aðdráttarafl sem slík en geta líka fengið skoðandann til að súpa hveljur af addáun. Í verkum og munum Chihuly býr óræður galdur sem byggir á hárfínu samspili fullkomins valds á glerblásturstækninni og frjóu ímyndunar-

## STÓRSÝNING



TJALDVAGNAR

### FELLIHÝSI

í sýningarsal okkar  
Tryggvabraut 10  
laugardag og sunnudag  
frá kl. 13.00 - 17.00



SEGLAGERÐIN  
**ÆGIR**  
Eyjarslóð 7 • 101 Reykjavík • Sími 511 2200

**Höldur ehf.**  
SÍMI 461 3014  
Söluéild • Tryggvabraut 10 • 600 Akureyri